

A 1838/hállbart**Afgreiðsla** Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit norrænu sjálfbærninefndarinnar um

**þingmannatillögu
um samstarf um stjórnun úlfastofnsins****Tillaga**

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún stuðli að aukinni samstjórnun úlfastofnsins í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi

Bakgrunnsupplýsingar

Í Svíþjóð og Noregi er úlfastofninn kominn langt út fyrir þau líffræðilegu mörk sem sjálfbærni stofnsins til lengri tíma er miðuð við. Því miður hefur þessi þróun við stjórnun úlfastofnsins farið fram hjá þeim sem fara með völdin. Eitt helsta meinið er að fjallað skuli um úlfastofninn eins og væri hann málefni hvers lands fyrir sig fremur en sameiginlegur stofn.

Rannsóknarstofnanir á borð við SKANDULV og sænsk-norska samstarfsverkefnið Grensevilt hafa bent á að mikil þörf sé fyrir nánara samstarf um stjórnun á úlfastofninum. Auk þess hafa Finnar, Svíar og Norðmenn undirritað Bernarsáttmálann og þar með fallist á að vinna saman að málefnum villtra dýrastofna óháð landamærum. Af þessum sökum hafa Norðmenn lengi óskað eftir auknu samstarfi um úlfastofninn sem flakkar á milli Noregs og Svíþjóðar. Úlfurinn virðir að sjálfsögðu ekki landamæri. Löndin sjálf líta hins vegar á landamærin sem ófrávíkjanleg takmörk stjórnsýslunnar en það er ekki í neinu samræmi við ferðamynstur úlfastofnsins milli landa.

Torveldar þetta stjórnun á veiði og villtum dýrastofnum og þegar stuðst er við líkön um stofnstærðir sem endurspeгла ekki veruleikann minnkar traustið á opinberri auðlindastjórnun. Yrði farið með úlfastofninn sem sameiginlegan stofn, eins og hann er í raun og veru, endurspeglaði stjórnunin betur raunverulega stöðu mála og þar með öðlaðist hún frekari viðurkenningu meðal þeirra sem búa á viðkomandi svæðum. Þannig yrði hægt að lægja reiðiöldurnar verulega.



Markmiðið verður að vera að auka sameiginlega stjórnun alls úlfastofnsins í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Þarf það að fela í sér ítarlegra samstarf um rannsóknir og talningu á úlfum auk sameiginlegrar veiðistjórnunar. Þar sem stofninn er í raun og veru sameiginlegur er líklegt að samstjórnun gæfi skýrari mynd af því hvernig best verður gætt að vexti og viðgangi hans. Slík ákvörðun tryggði einnig að viðkomandi lönd virtu alþjóðlega samninga um sameiginlega stjórnun á svæðinu.

Við teljum að stefna beri að auknum áhrifum þeirra sem næst búa á ákvarðanir um veiðistjórnun þannig að þær byggist á þekkingu á umræddu svæði og njóti stuðnings þeirra sem þær varða helst. Enn fremur að ákveða beri veiðileyfi í nánu samráði við viðkomandi stjórnvöld, en forsendan er þó að ekki verði tekin ákvörðun um aukningu á ákjósanlegri stofnstærð í neinu landanna.

Í dómi dómstóls Evrópusambandsins frá 10. október 2019 kemur einnig skýrt fram að úlfaveiðar sem stundaðar eru meðal annars í Finnlandi og Svíþjóð uppfylla öll skilyrði Evrópuréttar um sjálfbærni og eftirlit. Finnar, Norðmenn og Svíar eiga þess kost að marka líffræðilega og félagslega sjálfbæra stefnu í málefnum rándýra. Í því felst enn frekari hvatning til sameiginlegrar stjórnunar af hálfu Svíþjóðar, Noregs og Finnlands.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin fjallaði fyrst um tillöguna á fundi sínum 31. mars 2020. Hljómgrunnur var fyrir tillögunni í flokkahópi jafnaðarmanna, flokkahópi hægri manna og Norrænu frelsi þar sem lögð var áhersla á nytsemi sameiginlegrar stjórnunar og að norrænu löndin beri saman reynslu sína af úlfastjórnun og úlfaveiðum.

Í máli eins fulltrúa flokkahóps miðjumanna kom fram að skandinavíski úlfastofninn lyti nú þegar sameiginlegri stjórnun og vegna ýmissa vankanta á tillögunni setti hann fyrirvara við hana.

Annar þingmaður í flokkahópi miðjumanna lýsti yfir stuðningi sínum við fyrsta tillöguliðinn um aukna samstjórnun úlfastofnsins en gat ekki stutt seinni tillöguliðinn um að stuðla að auknum áhrifum þeirra sem næst búa á ákvarðanir um veiðistjórnun á úlfum. Flokkahópar jafnaðarmanna og miðjumanna studdu breytingu á þingmannatillögunni á þá leið að fyrsti tillöguliðurinn, að hún stuðli að aukinni samstjórnun úlfastofnsins í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi, haldist óbreyttur en að seinni tillöguliðurinn um að stuðla að auknum áhrifum þeirra sem næst búa á ákvarðanir um veiðistjórn á úlfum verði strikaður út. Einn fulltrúi flokkahóps jafnaðarmanna samþykkti tillöguna með fyrirvara. Flokkahópur hægrimanna undirstrikaði að hann vildi sjá aukin áhrif heimamanna á úlfaveiðar en geti stutt tillöguna með ofangreindum breytingum. Fulltrúi miðflokksins hélt sig við að setja fyrirvara við tillöguna.



Á fundi sínum 15. september ákvað nefndin að beina spurningu til ríkisstjórna Finnlands, Svíþjóðar og Noregs um það hvernig ríkisstjórnir þessara þriggja landa samhæfi aðgerðir í þágu sameiginlegrar stjórnunar á hinum skandinavíska úlfastofni.

Kaupmannahöfn, 15. september 2020

Cecilie Tenfjord-Toftby (M)	Magnus Ek (C)
Ingalill Olsen (A)	Sofia Geisler (IA)
Janine Alm Ericson (MP)	Staffan Eklöf (SD)
Karl Kristian Kruse (S)	Thomas Jensen (S)
Ketil Kjenseth (V)	Åslaug Sem-Jacobsen (Sp)
Mette Hjermind Dencker (DF)	

FYRIRVARI :

Rebecka Le Moine úr flokkahópi miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar varðandi þingmannatillögu

A 1838/holdbart.

Kaupmannahöfn, 15. september 2020

Rebecka Le Moine (MP)

NÝ TILLAGA:

Fulltrúi í flokkahópi jafnaðarmanna samþykkti tillöguna að nefndaráliti með fyrirvara. Að lokinni umfjöllun á flokkahópsfundi hefur flokkahópurinn ákveðið að gera fyrirvara við nefndarálitið og leggur því eftirfarandi til:

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún stuðli að því að norrænu löndin Finnland, Svíþjóð og Noregur beri saman reynslu sína hvað varðar úlfastofninn

Norðurlöndum 28. júní 2021

<i>Camilla Gunell</i>	<i>Lars Mejern Larsson</i>
<i>Erkki Tuomioja</i>	<i>Martin Kolberg</i>
<i>Eva Lindb</i>	<i>Nina Sandberg</i>
<i>Johan Kvarnström</i>	<i>Oddný G. Harðardóttir</i>
<i>Gunilla Carlsson</i>	<i>Orla Hav</i>
<i>Heidi Viljanen</i>	<i>Per-Arne Håkansson</i>
<i>Henrik Møller</i>	<i>Pyry Niemi</i>
<i>Johan Andersson</i>	<i>Ruth Grung</i>
<i>Jorodd Asphjell</i>	<i>Stein Erik Lauvås</i>
<i>Karin Gaardsted</i>	<i>Åsa Karlsson</i>